

Um ávinnslu orlofsréttar og orlofslauna í fæðingarorlofi

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. laga nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof (ffl.) reiknast fæðingarorlof til starfstíma við mat á starfstengdum réttindum, svo sem rétti til orlofstöku og lengingar orlofs samkvæmt kjarasamningum, starfsaldurshækkana, veikindaréttar, uppsagnarfrests og réttar til atvinnuleysisbóta. Í athugasemdum með ákvæðinu er kveðið á um að ekki sé um tæmandi talningu að ræða, þar sem gert sé ráð fyrir því að menn kunni að semja um önnur réttindi síðar, svo sem námsleyfi.

Fjallað hefur verið um álitæfni tengdu þessu ákvæði í úrskurði úrskurðarnefndar fæðingar- og foreldraorlofsmála nr. 19/2003 og í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur nr. E-1795/2004.

Í úrskurði úrskurðarnefndar fæðingar- og foreldraorlofsmála nr. 19/2003 segir svo:

„Í ákvæðum laga nr. 30/1987 um orlof (ol.) er kveðið á um réttindi og skyldur atvinnurekenda gagnvart launþegum vegna orlofstökuréttar þeirra og réttar til orlofslauna. Samkvæmt 1. gr. ol. skulu allir þeir sem starfa í þjónustu annarra gegn launum, hvort sem þau eru greidd í peningum eða öðrum verðmætum, eiga rétt á orlofi og orlofslaunum samkvæmt reglum laganna. Í 3. gr. ol. er kveðið á um lengd orlofs, í 5. gr. sömu laga er kveðið á um að atvinnurekandi skuli ákveða orlof í samráði við launþega. Samkvæmt 7. gr. ol. skulu orlofslaun vera í samræmi við áunninn orlofsrétt á síðasta orlofsári. Þá segir í 6. mgr. 7. gr. að orlofslaun reiknist ekki af orlofslaunum. Samkvæmt 5. gr. ol. skal atvinnurekandi ákveða í samráði við launþega hvenær orlof skuli veitt, síðan verður launagreiðandi að standa skil á útborgun orlofslauna, sbr. 11. gr. ol. Skýr greinarmunur er gerður samkvæmt framangreindu á því hvort um rétt til orlofstöku er að ræða eða rétt til greiðslu orlofs við orlofstöku, þannig hefur það verið frá því að fyrstu lögum um orlof voru sett, þ.e. lög nr. 16/1943.

Sá greinarmunur sem gerður er á rétti til orlofstöku og rétti til orlofslauna í framangreindum lögum styður þá niðurstöðu að í 2. mgr. 14. gr. ffl. felist fyrirmæli um áunninn rétt til orlofstöku en ekki rétt til orlofslauna. Orðalag og efni ákvæðisins að öðru leyti styður einnig þá niðurstöðu. Í 2. mgr. 13. ffl. [...] er mælt fyrir um aðferð við útreikning á greiðslum til starfsmanns í fæðingarorlofi úr Fæðingarorlofssjóði. Telja verður að um rétt starfsmanns til frekari greiðslna í fæðingarorlofi en ákvæði 2. mgr. 13. gr. ffl. kveður á um þurfi skýr fyrirmæli í lögum.

Með hliðsjón af orðalagi ákvæðis 2. mgr. 14. gr. ffl. þar sem segir að fæðingarorlof teljist til starfstíma við mat á rétti til orlofstöku, þess að í lögum nr. 30/1987 um orlof hefur jafnan verið gerður skýr greinarmunur á rétti til orlofstöku og orlofslauna og öðru því sem að framan er rakið verður ekki talið að í ákvæðinu felist að greiða skuli orlofslaun úr Fæðingarorlofssjóði.“

Í niðurstöðum Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-1795/2004 segir enn fremur:

„Réttur foreldra til fæðingarorlofs er skilgreindur í 8. gr. laganna um fæðingar- og foreldraorlof og um rétt til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði fer samkvæmt 13. gr. sömu laga. Samkvæmt lögnum annast Fæðingarorlofssjóður greiðslur til þeirra sem réttinda njóta til greiðslu í fæðingarorlofi samkvæmt síðast töldu lagagreininni, en sjóðurinn er í vörslu stefnda sem sér um reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins eins og áður er komið fram.

Fæðingarorlof reiknast samkvæmt 2. mgr. 14. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof til starfstíma við mat á starfstengdum réttindum, svo sem rétti til orlofstöku og lengingar orlofs samkvæmt kjarasamningum, starfsaldurshækkana, veikindaréttar, uppsagnarfrests og réttar til atvinnuleysisbóta. Þau réttindi sem þarna er um að ræða eru háð starfstíma þess sem þeirra nýtur. Orlofslaun greiðast af launagreiðanda og eru samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga um orlof reiknuð af launagreiðslum óháð starfstíma. Rétturinn til greiðslu þeirra verður þar af leiðandi ekki talinn til þeirra starfstengdu réttinda sem foreldri í fæðingarorlofi ávinnur sér á fæðingarorlofstíma samkvæmt 14. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof. Tilvísun til lagagreinarinnar á því ekki við um úrlausnarefnið sem hér um ræðir.

Launþegi á rétt á orlofslaunum í orlofi, eins og stefnandi bendir réttilega á og fram kemur í 3. mgr. 7. gr. orlofslaga. Í 1. mgr. 7. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 93/104EB segir að aðildarríki skuli gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öllum launþegum rétt á launuðu orlofi í að minnsta kosti fjórar vikur í samræmi við skilyrði fyrir að öðlast og fá notið slíks réttar, sem mælt sé fyrir um í innlendra lögjöf og/eða réttarvenju. Í framangreindum reglum felst þó ekki að foreldrum í fæðingarorlofi hafi verið tryggður réttur til orlofslauna af greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði á hendur stefnda vegna sjóðsins, enda eru hvorki fyrirmæli um þá tilhögun á orlofslaunagreiðslum í lögum um fæðingar- og foreldraorlof né í öðrum lögum. Breytir engu í því sambandi þótt launþegar eigi ekki rétt til launaðs orlofs úr hendi atvinnurekanda vegna þess tíma sem þeir eru í fæðingarorlofi og njóta greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði.“ (Tilvitnun líkur)

Samkvæmt framangreindu og 2. mgr. 14. gr. ffl. telst fæðingarorlof til starfstíma þegar starfstengd réttindi eru metin svo sem vegna réttar til orlofstöku. Af þessu leiðir að meðan á fæðingarorlofi stendur eru foreldrar, sem eru í ráðningarsambandi, að ávinna sér orlofstökurétt hjá vinnuveitendum sínum samkvæmt kjarasamningum. Foreldri ávinnur sér hins vegar ekki rétt til orlofslauna meðan á fæðingarorlofi stendur á hendur vinnuveitanda sínum, sbr. 6. mgr. 7. gr. ol. og 2. mgr. 14. gr. ffl., né heldur á hendur Fæðingarorlofssjóði, sbr. 2. mgr. 7. gr. ol. og 2. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 14. gr. ffl.

(Fæðingarorlofssjóður, júní 2007)